

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Hydrokortison Evolan 10 mg/g krem

Hydrocortison

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækurinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækurinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 7 daga.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

- 1 Upplýsingar um Hydrokortison Evolan og við hverju það er notað
- 2 Áður en byrjað er að nota Hydrokortison Evolan
- 3 Hvernig nota á Hydrokortison Evolan
- 4 Hugsanlegar aukaverkanir
- 5 Hvernig geyma á Hydrokortison Evolan
- 6 Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Hydrokortison Evolan og við hverju það er notað

Hydrokortison Evolan er milt hydrokortison sem er bólgueyðandi og kláðastillandi. Hydrokortison Evolan er notað til meðferðar á mildu exemi sem kemur meðal annars til vegna notkunar á sápu, hreinsiefnum, snyrtivörum, vegna skordýrabits og sólbruna.

2. Áður en byrjað er að nota Hydrokortison Evolan

Ekki má nota Hydrokortison Evolan:

- Ef um er að ræða ofnæmi fyrir hydrokortisoni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Varnaðarorð og varúðarreglur

- Notið Hydrokortison Evolan ekki á sár eða svæðið í kringum augun.
- Ekki skal meðhöndla húðbólgu kringum augu, rósroða og arta með barksterum. Ef um er að ræða húðsýkingu, skal ekki nota Hýdrókortison Evolan nema sýkingin sé meðhöndluð samhliða. Leitið ráða hjá læknum í slíkum tilvikum.

Hafðu samband við lækni ef þú færð þokusýn eða aðrar sjóntruflanir.

Börn

Ekki skal nota lyfið til meðferðar hjá börnum undir 2 ára aldri nema samkvæmt læknisráði.

Notkun annarra lyfja samhliða Hydrokortison Evolan

Látið lækurinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Meðgangi og brjóstgjöf

Nota má Hydrokortison Evolan á meðgöngu og meðan á brjóstgjöf stendur. Þó skal forðast langtímanotkun og að nota mikið af kreminu.

Akstur og notkun véla

Hydrokortison Evolan hefur engin áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því, sem getur haft áhrif á slíkt, er lyf vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Hydrokortison Evolan inniheldur cetóstearylalkóhól og paraben

- kremið inniheldur cetóstearylalkóhól sem getur valdið húðviðbrögðum (t.d. snertiexemi)
- kremið inniheldur methýlparahýdroxybenzóat, ethýlparahýdroxybenzóat og própýlparahýdroxybenzóat sem geta valdið ofnæmisviðbrögðum (hugsanlega síðbúnum)

3. Hvernig nota á Hydrokortison Evolan

Notið lyfið alltaf eins og lýst er í fylgiseðlinum eða eins og lækurinn hefur sagt til um. Ef þú ert ekki viss um hvernig á að nota lyfið leitaðu þá upplýsinga hjá læknum.

Berið þunnt lag á kvöld og morgna eða samkvæmt læknisráði.

Eftir 3-4 daga má venjulega draga úr notkun Hydrokortison Evolan og hefja meðferð með rakakremi. Ef ekki hefur dregið úr einkennum eftir 1 viku skaltu leita til læknis.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Ekki er búist við ofskömmtun þar sem lyfið er aðeins notað á húð.

Ef gleymist að nota Hydrokortison Evolan

Berið þunnt lag á næsta morgun eða kvöld.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Sjaldgæfar (getur komið fyrir hjá allt að 1 notanda af hverjum 100):

- Erting í húð, snertiofnæmi í formi kláða, roða og ertingar.
- Þokusýn

Tilkynning aukaverkana

Látið lækurinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Hydrokortison Evolan

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á túpunni. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Hydrokortison Evolan inniheldur

- Virka efnið er hýdrókortison 10 mg/g.
- Önnur innihaldsefni eru paraben, cetóstearylalkohól, makrógólcetóstearyleter, létt og fljótandi parafínolía, hvítt mjúkt paraffín, sítrónusýra (E330), natríumsítrat (E331), methýlparahýdroxybenzóat (E218), ethýlparahýdroxybenzóat (E214), própýlparahýdroxybenzóat (E216), vatn.

Lýsing á útliti Hydrokortison Evolan og pakkningastærðir

Útlit: Hvítt til ljósgult krem.

Pakkningastærðir: Túpur með 20 g og 50 g.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi

Evolan Pharma AB

Box 120

182 12 Danderyd

Svíþjóð

Framleiðandi

Farmaclair

440 avenue du Général de Gaulle

14200 Hérouville St Clair

Frakklandi

eða

Laropharm S.R.L, Alexandriei street 145 A, Bragadiru, Ilfov, 077025, Rúmenía

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í júlí 2024.

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar (www.serlyfjaskra.is).